



# Jöklarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 6

Janúar 1985

### FÉLAGSFUNDUR

Félagsfundur verður haldinn á Hótel  
Hofi, Rauðarárstíg fimmtudaginn  
17. janúar 1985, kl. 20:30.

Grétar Eiríksson sýnir myndir úr  
vorferðinni á Vatnajökul 1984.

Kaffidrykkja og rabb.

Rabb um eitt og annað er viðkemur  
félagini.

## ÖLLU GAMNI FYLGIR NOKKUR ALVARA

Árshátíðin var haldin 17. nóv eins og til stóð, þar mættu um 70 manns. Hún hefur sín eigin fjárlög sem kunnugt er. Í setningarræðunni sagði formaðurinn, Sigurjón Rist, m.a. :

"Við þurfum að eiga afdrep í höfuðborginni. Okkur ber skylda til að varðveita og nýta eigur félagsins. Ef engin verður JÖKLASTOFAN í nýju bókhlöðunni, þá þurfum við að kveðja saman alla, sem við ísrannsóknir fást, gildir einu hvort fengist er við jökulís, ís í ám og vötnum, snjó og snjóflóð í fjöllum, hafis við strendur landsins eða klaka í jörðu, hvetja alla til átaks við að koma upp sameiginlegu skjala- og heimildasafni um ís ásamt vinnustofu eða stofum, þ.e.a.s. að koma upp í SHÚSI. Við eигum sjö skála á fjöllum og jöklum uppi en engan samastað hér í borg. Banki sem vart stóð út úr hnefa fyrir fáum árum er kominn með myndar skála. Höfum við vanrækt veigamikinn þátt, eða hvað? Þetta er mál sem vert er að hugleiða fyrir aðalfund".

Magnús Hallgrímsson var veislustjóri. Hann sagði m.a.:

"Nú, sjáið þið til. ÍSHÚS stendur næstum fullsmíðað, þar á ég við svonefnt Seðlabankahús, það stendur a.m.k. á íshúsgrunni."

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur verður haldinn þriðjudaginn 26. febrúar 1985 að Hótel Hofi. Nánar auglýst í næsta fréttabréfi.

## FÉLAGSFUNDUR 17. JANÚAR

Í fréttabréfi nr. 4 er sagt frá síðustu vorferð á Vatnajökul, sem farin var 16. - 24. júní 1984. Farið var í Grímsvötn og gosstöðvarnar skoðaðar, en auk þess var farið austur á Goðahnjúka. Veður var gott allan tímann og þó sérstaklega þegar gosstöðvarnar í Vötnunum voru skoðaðar. Með í förinni var Grétar Eiríksson ljósmyndari og ætlað hann að sýna myndir úr ferðinni á fundinum. Að lokinni myndasýningu verður kaffi og gefst mönnum nú loks tækifæri til að rabba þar í næði.

### GOTT ER AÐ VERA MEÐLIMUR Í JÖKLARANNSÓKNA-FÉLAGINU.

Jónas Elíasson var ræðumaður kvöldssins á árshátíðinni. Hann kom víða við. T.d. var hann staddir eitt sinn erlendis og þurfti að fylla út skjal til að vera talinn maður með mönnum og komast áfram leiðar sinnar. "Þá skrifði ég í snarheitum: Er meðlimur í hinu íslenska jöklarannsóknarfélagi. Þá urðu allar leiðir greiðar og hvergi við mér stuggað.

### GJÖRFI

Nú er fimmta starfsár skíðagönguklúbbsins hafið. Að venju var fyrsta gangan fyrsta laugardag í janúar (5. jan). Þrátt fyrir snjóleysi var farið í heilnæma og hressandi göngu. Göngurnar eru annan hvern laugardag og er komið saman við Nesti á Ártúnshöfða kl. 13. Þetta eru göngur fyrir alla og engin aldurstakmörk. Næstu göngur verða 19/1, 2/2, 16/2 og 3/3. Athugið, göngur hafa aldrei fallið niður sama hvernig hefur viðrað.

## ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA JÖKLAFRÆDINGA Á ÍSLANDI.

Dagana 26. - 29. ágúst 1985 mun haldin í Reykjavík alþjóðleg ráðstefna um jöklamælingar og kortagerð af jöklum. Búist er við um 150 þátttakendum og rúmlega 60 erindi hafa verið boðuð. Af efni má nefna: íssjármælingar, landmælingar, flugmælingar, könnun úr gervitunglum og fleira, þar sem fram kemur ýmis fróðleikur um jöklar á Suðurskautslandinu, á Grænlandi, Íslandi, Ölpunum, Alaska, vesturströnd Bandaríkjanna, Suður-Ameríku, Himalaya og Kína. Erindi frá ráðstefnunni munu birt í Annals of Glaciology, sem út mun koma vorið 1986. Að lokinni ráðstefnunni verður farin þriggja daga kynnisferð (30.ág - 1.sept) um Suðurland, og gestum okkar sýndir jöklar sandar og jökulár.

Að undirbúningi ráðstefnunnar hefur starfað þriggja manna nefnd sem í eru Helgi Björnsson formaður (frá Raunvísindastofnun Háskólags og JÖRFI), Elías Eliasson (frá Landsvirkjun) og Haukur Tómasson (frá Orkustofnun). Einnig styðja Veðurstofan og Vegagerð ríkisins ráðstefnuna. Þá hefur norræni menningarmálasjóðurinn veitt fjárstyrk. Vonast er eftir þátttöku sem flestra Íslendinga og geta þeir fengið nánari upplýsingar hjá Helga Björnssyni (vinnusími 25088).